



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið

2022 – 2023

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga var haldinn þriðjudaginn 17. maí 2022, kl. 16.00 í húsnæði utanríkisráðuneytisins að Rauðarárstíg 25. Hulda Karen Daníelsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti í sal velkomna og einnig þá sem tóku þátt í fundinum á Zoom. Hulda Karen kynnti dagskrá fundarins sem hafði verið send ásamt skýrslu stjórnar til félagsmanna með tölvupósti nokkru fyrir fundinn. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrána. Hulda Karen tilnefndi Sigurð R. Jónmundsson sem fundarstjóra og Gísla Sigurðsson sem fundarritara. Þar næst tóku við venjuleg aðalfundarstörf, þar sem skýrsla stjórnar um starfsemina 2021-2022 var flutt, tillögur að lagabreytingum voru bornar fram ásamt endurskoðuðum reikningum og ný stjórn kjörin. Tillaga um aðalmenn í stjórn til tveggja ára var eftirfarandi: Ásdís Halla Bragadóttir, Sigurbjörg A. Guttormsdóttir og Sigurður Rúnar Jónmundsson og um varamenn í stjórn til eins árs: Þórður Bjarni Guðjónsson, Bjarni Þór Þórólfsson og Kristín M. Jóhannsdóttir. Fulltrúar afkomenda íslenskra landnema í Vesturheimi eru þær Bev Arason-Gaudet og Dianne O’Konski. Áfram sitja í stjórninni næsta starfstímabil þau Hulda Karen Daníelsdóttir, Soffía Óskarsdóttir, Gísli Sigurðsson og Jón E. Gústafsson sem voru kosin 2021. Guðrún Ágústsdóttir var kosin formaður kjörnefndar. Með henni í nefndinni eru Hjálmar W. Hannesson og Steinn Logi Björnsson. Skoðunarmenn reikninga til eins árs eru Ásgeir Jónsson og María Ingibjörg Jónsdóttir. Tillaga kjörnefndar var samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum. Undir liðnum önnur mál á dagskrá fundarins, þakkaði formaður þeim Þorvarði Guðlaugssyni og Erin Jones fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og færði þeim blómvendi. Bæði sátu í stjórn félagsins í fjölmörg ár; Þorvarður var gjaldkeri í 13 ár, en Erin sat í stjórn í 5 ár. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum flutti Ásdís Halla Bragadóttir, ráðuneytisstjóri, erindi um bók sína *Læknirinn í Englaverksmiðjunni* sem gerist að hluta til í Vesturheimi. Kaffi og meðlæti var í boði utanríkisráðuneytisins.

Starfsemi félagsins á starfsárinu var umfangsmikil og fjölbreytt eins og nánar verður greint frá hér á eftir. Frá því á aðalfundinum þann 17. maí hafa verið haldnir tíu stjórnarfundir, sjö af þeim á Zoom, en þrír í húsnæði Búseta, Síðumúla 10. Fjöldi félagsmanna er nú 434, auk rúmlega 100 maka. Félagið hefur aðgang að skrifstofuaðstöðu sem Snorrasjóður leigir í húsnæði Norræna félagsins, Óðingsgötu 7, sem er jafnframt heimilisfang ÞFÍ.

Fræðslufundur: Á fræðslufundi félagsins sem haldinn var miðvikudaginn 30. nóvember í húsnæði utanríkisráðuneytisins flutti dr. Dagný Kristjánsdóttir erindið „Jóhann Magnús Bjarnason og þjóðernið“ og dr. Eyrún Eypórsdóttir erindið „Brasilíufararnir og afkomendur þeirra“. Dagný sagði frá því að Jóhann Magnús hefði samið leikrit, ljóð og skáldsögur, en þar á meðal voru sögurnar *Eiríkur Hansson*, *Brasilíufararnir* og *Í Rauðárdalnum*. Dagný sagði

jafnframt að þegar hún kafaði ofan í feril skáldsins, hefði næstum allt sem hún fann um hann komið henni á óvart. Eyrún varði doktorsritgerð sína í mannfræði, *Afkomendur Brasilíufaranna: Íslensk sjálfsmyndasköpun í Brasilíu*, við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands í janúar á sl. ári og byggði erindi sitt á henni. Hún sagði frá rannsókninni, Brasilíuförunum sjálfum, hvernig stóð á því að þeir fóru utan og hvernig hefði gengið hjá þeim. Einnig fjallaði hún á sérlega skemmtilegan hátt um afkomendur þeirra í samtímanum. Bæði erindin voru áhugaverð og skapaðist heilmikil umræða um þau á fundinum. Á fundinum var borið fram kaffi og meðlæti í boði utanríkisráðuneytisins.

Fréttabréf: Tvö fréttabréf komu út á starfsárinu og má nálgast þau hér ásamt eldri fréttabréfum: <https://www.inl.is/frettabref/>

Vefur og Facebook-síður: Að vanda var mikið efni sett inn á Facebook-síður ÞFÍ, annars vegar á síðuna <https://www.facebook.com/IcelandicNationalLeague> og hins vegar á <https://www.facebook.com/groups/ThjodraeknisfelagIslendinga>. Það sem er birt á Facebook-síðunum birtist einnig á vef ÞFÍ sem er aðgengilegur hér: <https://www.inl.is/>

Verkefni og viðburðir: Mörg og fjölbreytt verkefni rata á borð ÞFÍ. Það sem ber helst að nefna að þessu sinni er ákvörðun stjórnar um að veita Framhaldsskólanum á Laugum styrk til að efla og viðhalda áfanganum *Vesturferðir Íslendinga* sem Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir, kennari við skólann, hefur mótað og kennt í nokkur ár. Jafnframt hefur félagið veitt Snorrasjóði styrki undanfarin ár og mun á þessu ári einnig styrkja verkefnið *Snorri West Alumni Internship pilot program* sem er alveg nýtt af nálinni. Fyrirmynd þess er verkefnið *Snorri Alumni Internship* sem hófst árið 2015, en það er unnið í samstarfi við Vesturfarasetrið, sendiráð Kanada, sendiráð Bandaríkjanna og Þjóðræknisfélag Íslendinga. Nánari upplýsingar um Snorraverkefnið má nálgast hér: <http://www.snorri.is/> Félagið styrkir sömuleiðis verkefnið *Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi* sem Svavar heitinn Gestsson átti frumkvæði að og hófst líka árið 2015. Sjá nánari upplýsingar um það hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/17/i-fotspor-Arna-Magnussonar-i-Vesturheimi/> og hér: <https://www.arnastofnun.is/is/frettir/i-fot-spor-arna-magnus-son-ar-i-vest-ur-heimi>

Stjórn félagsins lagði mikla vinnu í að undirbúa mögulega hópferð félagsmanna og annarra áhugasamra á árlega ráðstefnu Icelandic National League of North America, systurfélags ÞFÍ, sem haldin verður í Banff í Albertafylki í Kanada í maí á þessu ári. Þrátt fyrir umtalsverða auglýsingaherferð og sanngjarnt verðlag, náðist ekki að mynda nægilega stóran hóp til þess að af ferðinni gæti orðið. Hulda Karen Daníelsdóttir, formaður ÞFÍ, mun engu að síður sækja ráðstefnuna.

Helstu viðburðir félagsins fyrir utan fræðslufundi eru aðalfundur í maí og árlegt þjóðræknisþing.

Þjóðræknisþingið: Þjóðræknisþing ÞFÍ var haldið þann 21. ágúst á Hótel Reykjavík Natura. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg að vanda og veitingarnar góðar. Formaður ÞFÍ setti þingið, en síðan flutti Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra ávarp og var það birt í heild sinni í fréttabréfi félagsins í október. Þórdís Kolbrún var nýkomin frá Vesturheimi, en þar tók hún þátt í Deuce of August hátíðarhöldunum í Mountain, Norður-Dakóta og Íslendingadeginum í Gimli, Manitóba.

Ávörp á þinginu fluttu einnig Jeannette Menzies, sendiherra Kanada á Íslandi, Michelle Yerkin, varasendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Guðrún Nordal, formaður heiðursráðs ÞFÍ,

Stefan Jonasson, fyrrv. forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og Dianne O'Konski, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum. Á þinginu voru flutt eftirfarandi erindi: *Fæddur til að fækka tárur. KÁINN: Ævi og ljóð* flutt af Jóni Hjaltalín, sagnfræðingi, *Stephans G. Stephanssonar styrktarsjóður HÍ: Tilurð og markmið* flutt af Birnu Bjarnadóttur, rannsóknasérfræðingi, *Saga Vestur-Íslendinga vekur áhuga framhaldsskólanema* flutt af Rögnu Heiðbjörtu Ingunnardóttur, framhaldsskólakennara og *Snorrasjóður* flutt af Pálu Hallgrímsdóttur og Jody Arman-Jones. Lestina ráku ungir íslenskir þátttakendur í Snorra West verkefninu sem sögðu frá ferð sinni á Íslendingaslóðir í Vesturheimi, sl. sumar. Þingstjórar voru þau Guðrún Ágústsdóttir, fyrrverandi forseti borgarstjórnar og Hjálmar W. Hannesson, fyrrverandi sendiherra.

Heiðursráð ÞFÍ: Tilgangur heiðursráðsins er að efla tengsl Íslendinga við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi og skipar stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga fulltrúa í ráðið. Í ráðinu eiga sæti heiðursfélagar ÞFÍ, formaður ÞFÍ ásamt fyrrverandi formönnum, einstaklingar sem unnið hafa mikilvægt starf fyrir félagið, fulltrúar stofnana, fyrirtækja og samtaka sem hafa stutt og styrkt félagið og formaður sem stjórn Þjóðræknisfélagsins tilnefnir til tveggja ára í senn. Núverandi formaður heiðursráðsins er Guðrún Nordal.

Samskipti og samstarf við Vesturheim: Í stjórn félagsins sitja fulltrúar afkomenda íslenskra landnema í Vesturheimi þær Bev Arason-Gaudet og Dianne O'Konski og sækja þær fundi félagsins á Zoom. Þess utan situr formaðurinn reglulega Zoom fundi með þeim Dianne O'Konski, formanni INLUS og Ashley Thorvaldson, formanni INLNA. Tæknin hefur gert það að verkum að allt samstarf við systurfélögin í Vesturheimi er mun meira og markvissara en áður. Félagið hefur einnig átt í góðu samstarfi við Icelandic Roots, stjórn og forseta Íslendingadagsins í Gimli Manitoba og skipuleggjendur Deuce of August hátíðarinnar sem haldin er ár hvert í Mountain, ND, svo fátt eitt sé nefnt. Hulda Karen Daniélsdóttir, formaður ÞFÍ, tók þátt í hátíðum Vestur-Íslendinga sl. sumar. Hún mun einnig sækja ráðstefnu INLNA í Banff í Alberta fylki í Kanada í maí á þessu ári, eins og fram kemur hér fyrir ofan. Þar mun hún flytja systurfélaginu árnaðaróskir og góðar kveðjur stjórnar ÞFÍ.

Snorrasjóður: Í sumar sem leið tóku 22 ungmenni frá Norður-Ameríku þátt í Snorraverkefninu. Þau dvöldu hér á landi frá 12. júní til 15. júlí. Einnig kom til landsins 13 manna Snorri Plús hópur en hann skipa einstaklingar sem eru þrjátíu ára og eldri. Þau dvöldu hér dagana 8.- 22. ágúst. Þátttakendur í Snorri Alumni Internship verkefninu voru tveir og komu til landsins í byrjun júní og dvöldu á Hófsósi þar til í lok júlí og tvö íslensk ungmenni héldu utan til Norður-Ameríku að taka þátt í Snorri West verkefninu. Þjóðræknisfélag Íslendinga ásamt Norræna félaginu buðu ungu Snorrunum upp á léttan kvöldverð í lok júní í húsi Norræna félagsins á Óðinsgötu, en bæði félögin hafa stutt við Snorraverkefnið á einn eða annan hátt um árabíl. Kvöldið fyrir brottför ungu Snorranna, bauð Jeannette Menzies, sendiherra Kanada á Íslandi, þeim til veislu þar sem hver og einn þátttakandi flutti erindi um dvöl sína á landinu.

Þrjú fulltrúar ÞFÍ sátu í stjórn Snorrasjóðs á starfsárinu. Auk Huldu Karenar Daniélsdóttur sem sagði af sér formennskunni í desember á síðasta ári, voru það Soffía Óskarsdóttir og Ástrós Signýjardóttir. Pála Hallgrímsdóttir fyrrverandi verkefnastjóri sjóðsins tók við formennskunni af Huldu Karen.

Nánari upplýsingar um Snorrasjóð og Snorraverkefnið er að finna á heimasíðu sjóðsins, <http://www.snorri.is> og á samfélagsmiðlum undir nafninu @thesnorriprogram.

Þakkir og kveðjur: Þjóðræknisfélagið færir utanríkisráðuneytinu og Ícelandair kærar þakkir fyrir mikilvægan fjárhagslegan stuðning um árabíl sem hefur gert félaginu kleift að sinna umfangsmiklu starfi sínu. Þá þakkar félagið sendiráðum Kanada og Bandaríkjanna á Íslandi og starfsfólki þeirra fyrir mikilsverðan stuðning við starfsemi félagsins. Félagið þakkar einnig samstarfsaðilum í Vesturheimi fyrir gjöfult og gott samstarf jafnt í ár sem á fyrri árum.

Lokaorð: Nú á þessum tímamótum þegar ég lýk störfum sem formaður ÞFÍ, vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn ÞFÍ fyrir ánægjulega samvinnu og góða vináttu. Saman höfum við unnið að því að efla samstarf og samskipti Íslendinga við einstaklinga og samtök afkomenda Íslendinga í Vesturheimi á fjölmörgum sviðum. Einnig vinnum við stöðugt að því að fá fleiri til liðs við félagið, jafnt innanlands sem utan, ekki síst ungt fólk. Félagsmönnum og öllum velunnurum þakkar stjórnin stuðning og tryggð við félagið.

Hulda Karen Daniélsdóttir

F.h. stjórnar ÞFÍ, Hulda Karen Daniélsdóttir, formaður